

Reglur og gjaldskrá fyrir beitarhólf í Hvalfjarðarsveit

1. gr.

Mannvirkja- og framkvæmdanefnd Hvalfjarðarsveitar skal annast afgreiðslu umsókna samkvæmt reglum þessum og Verkefnastjóri framkvæmda og eigna skal annast gerð og undirritun leigusamninga í kjölfar úthlutana beitarhólfa. Form leigusamnings er fylgiskjal með reglunum.

2. gr.

Árlega skulu laus beitarhólf auglýst til umsóknar og sér Verkefnastjóri framkvæmda og eigna til þess að auglýst sé tímanlega ár hvert.

3. gr.

Að liðnum umsóknarfresti skulu umsóknir lagðar fram til afgreiðslu á fundi Mannvirkja- og framkvæmdanefndar. Séu umsækjendur um sama beitarhólf fleiri en einn skal dregið á milli umsækjenda. Hafi umsækjandi fengið úthlutað beitarhólfi fær hann ekki annað hólfi úthlutað nema að hann sé einn til umsóknar. Umsækjendur með lögheimili í sveitarfélaginu skulu hafa forgang á leigu beitarhólfa.

4. gr.

Úthlutunartímabil beitarhólfs er tvö ár með möguleika á framlengingu til eins árs. Útleigutímabil beitarhólfs er frá 1. júní til 31. desember ár hvert.

5. gr.

Telji Hvalfjarðarsveit þörf fyrir beitarhólf í opinbera þágu, s.s. samkvæmt deiliskipulagi í Melahverfi, er leigutaka skylt að láta leigurétt sinn af hendi, að hluta eða öllu leyti, án sérstaks endurgjalds fyrir leiguréttinn. Fyrirvari um afturköllun leigu beitarhólfs til leigutaka skal vera eigi styttri en einn mánuður.

6. gr.

Leigutaka er skylt að girða beitarhólf á sinn kostnað og sjá til þess að girðingar séu í góðu ásigkomulagi. Gerði í beitarhólfum skulu vera snyrtilega uppsett. Bera skal áburð á beitarhólf og skal það hvílt til að forðast ofbit þess. Fjöldi hrossa í beitarhólfi skal vera í samræmi við þann fjölda sem sótt er um hverju sinni.

7. gr.

Hvalfjarðarsveit hefur eftirlit með að leigusamningur sé virtur. Leigutaki skal bregðast skjótt við öllum ábendingum sveitarfélagsins.

8. gr.

Leigugjald beitarhólfs er kr. 5.000.- fyrir hvert hross og skal það innheimt mánaðarlega yfir útleigutímabilið, júní til desember, ár hvert. Gjaldið miðast við vísitölu neysluverðs í janúar 2024, 607,3 stig og uppfæriskrá árléga skv. vísitölubreytingu í janúar ár hvert, fyrst í janúar 2025 og skal gilda þannig næsta ár.

Reglur og gjaldskrá þessi tekur þegar gildi.

Samþykkt í mannvirkja- og framkvæmdanefnd 5. mars 2024.

Samþykkt í sveitarstjórn 13. mars 2024.